

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

FUNDARGERÐ

11. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 5. september 1995 og hófst hann kl. 14:00.

Mættir voru:

Guðmundur Jónsson, Sigfús Guðmundsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigurður Þórhallsson, Águst Oddsson.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Próun mála hjá L.H. frá síðasta stjórnarfundi 28. júní s.l.

Formaður greindi frá afskiptum sínum af Gýmismálínu, bréfaskriftum í því máli o.fl. Gýmismálið var dómtekið í ágúst s.l.

Rætt var um nýafstaðna Heimsleika íslenskra hesta í Sviss í ágúst s.l. Ýmislegt var rætt sem betur hefði mátt fara hjá íslenska landsliðinu og í ferðinni sem slíkri.

Nauðsynlegt er að stjórnir L.H. og HÍS komi saman til fundar og ræði samskipti sín á milli varðandi erlend samskipti, fjármál í því sambandi o.fl. Ljóst er að heimsmeistaramót íslenskra hesta hefur mikla þýðingu fyrir markaðssetningu hestsins erlendis.

2. Aðalfundur FEIF.

Fundurinn var haldinn í lok heimsmeistaramótsins 7. ágúst s.l. Fulltrúar af Íslands hálfu voru Guðmundur Jónsson og Jón Vilmundarson. Þrír aðrir Íslendingar sátu fundinn sem áheyrnarfulltrúar.

Víkingur Gunnarsson var kosinn í ræktunarnefnd FEIF.

Rætt var um tímasetningu heimsmeistaramótanna með það í huga að halda þau síðar á sumrinu. Ekki var samstaða fundarmanna hjá FEIF um að breyta þeirri tímasetningu sem verið hefur undanfarin ár.

3. Undirbúningur ársþings '95.

A) Rædd voru störf nefnda. Keppnisnefnd hefur að mestu lokið störfum og skilar tillögum 11. september n.k. til skrifstofu L.H.

Mótanefnd mun skila fljótega tillögum til stjórnar L.H. er snerta stórmótahald þ.e. fjórðungs- og landsmót.

Guðbrandur greindi frá störfum lyfjanefndar og þeim lyfjaprófum sem tekin voru á sumrinu. Framkvæmd prófanna gekk vel og reyndust öll sýnin hrein.

B) Skrifstofan hefur nú þegar hafið undirbúning að þinghaldinu, en þingið verður haldið í boði hestamannafélagsins Andvara í Garðabæ 27.-28. okt. n.k.

C) Rædd voru sameiningarmál L.H. og HÍS. Formanni og framkvæmdastjóra falið að rita bréf til HÍS þar sem óskað er eftir að HÍS haldi fyrirhugaðan formannafund sinn hið fyrsta og síðan komi stjórnir beggja samtakanna saman til fundar og ræði frekar framvindu mála. Hraða þarf þessum fundum vegna ársþings L.H. nú í haust.

D) Rædd var hugmynd að fyrirlestrum á ársþinginu. Tillaga var rædd er snertir "þemað". **Framlegð hestamanna og markaðsmál.**

Framkvæmdastjóra falið að tala við Þórarinn Sólmundarson og Einar Bollason sem fyrirlesara. Tími á fyrirlesara 2x20 mínútur.

E) Reikningar L.H. 1994 voru ræddir ýtarlega en þeir lágu frammi í handriti. Stjórnin gerði eftirfarandi fyrirspurnir og athugasemdir.

1. Áningarhólf Hvítárnesi kr. 36.097.-

Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga um þessa færslu varðandi áningarhólf. Einnig var honum falið að hafa tilbúið 8 mánaða uppgjör L.H. 1995, síðar í haust á fundi stjórnar.

4. Skógarhólar.

Formaður greindi frá fundi sem haldinn var í ágúst s.l. Af hálfu L.H. sátu fundinn Guðmundur, Guðbrandur, Gunnar B Gunnarsson og Sigurður, en af hálfu Þingvallanefndar Sigurður K Oddsson framkvæmdastjóri Þjóðgarðsins.

Tilefni fundarins varðaði leigusamning milli Þingvallanefndar og L.H. með tilvísun til 10. greinar samningsins, þar sem fjallað er um heimild aðila til endurskoðunar á honum. Fundurinn með Sigurði var jákvæður. Ræddur var sérstaklega liður 7 í samningnum, sem fjallar um gæslu í Skógarhólum og störf eftirlitsmanns þar.

5. Landsmót 1998.

Formaður ræddi undirbúning landsmóts á Melgerðismelum 1998.

Fyrirhugað er að þingfulltrúar norðlensku félaganna á ársþinginu í haust verði boðaðir til fundar af stjórninni á þinginu til umræðna um undirbúning mótsins. Sigurði falið í samráði við formann að rita norðlensku félögnum og stjórn Melgerðismela h.f. bréf hvað þetta varðar. Geri félögin athugasemd við þessa málsmeðferð verði farin önnur leið í málínu.

6. Unglingamót FEIF í Luxemburg 24.-30. júlí s.l.

12 þáttakendur frá Íslandi tóku þátt í mótinu. Fararstjóri var Rosemarie Þorleifsdóttir. Uppgjör vegna æskulýðsmótsins þarf að fara fram í samvinnu L.H. og HÍS enda æskulýðsmálín sameiginlegt verkefni beggja samtakanna.

7. Æskulýðsstarf o.fl.

Formaður greindi frá skýrslu æskulýðsnefndar L.H. sem lögð var fram á fundinum. Ákveðið var að fjölfalda skýrsluna og senda hana út til stjórnarmanna. Skýrslan verður á dagskrá á næsta fundi.

8. Önnur mál.

1) Rædd var sú hugmynd að koma inn í lög og reglur L.H. lista yfir þá lágmarksstöðu sem landsmótssvæði þarf að bjóða upp á.

2) Áningaráhólfasjóður. Frá FM'95 koma ca. 50 þús kr. Enn óuppgert. Óráðstafað nú um 245 þús kr. Fyrir liggja nú 4 umsóknir.

a) Reiðveganefnd í Kjalarnesh. hinu forna v/Selkots/áningaráhólf.

b) Snarfari Skagaströnd v/áningaráhólf á Skagaheiði.

c) Fákur Reykjavík v/áningarstöðu v. Rauðavatn og Heiðmörk.

d) Hörður Mosfellsbæ v/uppbryggingar á Arnarhamarsrétt.

Ákveðið að Selkot fái kr. 50 þús., Snarfari kr. 60 þús., Fákur kr. 70 þús. og Hörður kr. 60 þús.

Ákveðið að Pjórsárbakkar fái 50 þús. kr. þegar framlag Hornfirðinga er komið.

3) Bréf kynnt frá Landvernd varðandi kynningarfund svo og aðalfund Landverndar fyrri hluta okt. að Flúðum. Fyrir okkar hönd sækir Kristmundur þessa fundi.

4) Uppskeruhátið hestamanna verður hér á Sögu 17. nóv. n.k. Sigurður P. reifaði örlítið málið. Nokkuð rætt um að L.H. velji "mann ársins" á þessari uppákomu, líkt og HÍS og ræktunarmenn gera.

Guðbrandur Kjartansson

Sigfús Guðmundsson

Águst Oddsson

Kristmundur Halldórsson

Jón Bergsson

Guðmundur Jónsson.



FUNDARGERÐ

11. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 5. september 1995 og hófst hann kl. 14:00.

Mættir voru:

Guðmundur Jónsson, Sigfús Guðmundsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigurður Þórhallsson, Águst Oddsson.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Þróun mála hjá L.H. frá síðasta stjórnarfundi 28. júní s.l.

Formaður greindi frá afskiptum sínum af Gýmismálínú, bréfaskriftum í því máli o.fl. Gýmismálið var dómtekið í ágúst s.l.

Rætt var um nýafstaðna Heimsleika íslenskra hesta í Sviss í ágúst s.l. Ýmislegt var rætt sem betur hefði mátt fara hjá íslenska landsliðinu og í ferðinni sem slíkri.

Nauðsynlegt er að stjórnir L.H. og HÍS komi saman til fundar og ræði samskipti sín á milli varðandi erlend samskipti, fjármál í því sambandi o.fl. Ljóst er að heimsmeistaramót íslenskra hesta hefur mikla þýðingu fyrir markaðssetningu hestsins erlendis.

2. Aðalfundur FEIF.

Fundurinn var haldinn í lok heimsmeistaramótsins 7. ágúst s.l. Fulltrúar af Íslands hálfu voru Guðmundur Jónsson og Jón Vilmundarson. Þrír aðrir Íslendingar sátu fundinn sem áheymarfulltrúar.

Víkingur Gunnarsson var kosinn í ræktunarnefnd FEIF.

Rætt var um tímasetningu heimsmeistaramótanna með það í huga að halda þau síðar á sumrinu. Ekki var samstaða fundarmanna hjá FEIF um að breyta þeirri tímasetningu sem verið hefur undanfarin ár.

3. Undirbúningur ársþings '95.

A) Rædd voru störf nefnda. Keppnisnefnd hefur að mestu lokið störfum og skilar tillögum 11. september n.k. til skrifstofu L.H.

Mótanefnd mun skila fljótlega tillögum til stjórnar L.H. er snerta stórmótahald þ.e. fjórðungs- og landsmót.

Guðbrandur greindi frá störfum lyfjanefndar og þeim lyfjaprófum sem tekin voru á sumrinu. Framkvæmd prófanna gekk vel og reyndust öll sýnin hrein.

B) Skrifstofan hefur nú þegar hafið undirbúning að þinghaldinu, en þingið verður haldið í boði hestamannafélagsins Andvara í Garðabæ 27.-28. okt. n.k.

C) Rædd voru sameiningarmál L.H. og HÍS. Formanni og framkvæmdastjóra falið að rita bréf til HÍS þar sem óskað er eftir að HÍS haldi fyrirhugaðan formannafund sinn hið fyrsta og síðan komi stjórnir beggja samtakanna saman til fundar og ræði frekar framvindu mála. Hraða þarf þessum fundum vegna ársþings L.H. nú í haust.

D) Rædd var hugmynd að fyrirlestrum á ársþinginu. Tillaga var rædd er snertir "þemað". **Framlegð hestamanna og markaðsmál.**

Framkvæmdastjóra falið að tala við Þórarinn Sólmundarson og Einar Bollason sem fyrirlesara. Tími á fyrirlesara 2x20 mínútur.

E) Reikningar L.H. 1994 voru ræddir ýtarlega en þeir lágu frammi í handriti. Stjórnin gerði eftirfarandi fyrirspurnir og athugasemdir.

1. Áningaráhlólf Hvítárnesi kr. 36.097.-

Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga um þessa færslu varðandi áningaráhlólf. Einnig var honum falið að hafa tilbúið 8 mánaða uppgjör L.H. 1995, síðar í haust á fundi stjórnar.

4. Skógarhólar.

Formaður greindi frá fundi sem haldinn var í ágúst s.l. Af hálfu L.H. sátu fundinn Guðmundur, Guðbrandur, Gunnar B Gunnarsson og Sigurður, en af hálfu Þingvallanefndar Sigurður K Oddsson framkvæmdastjóri Þjóðgarðsins.

Tilefni fundarins varðaði leigusamning milli Þingvallanefndar og L.H. með tilvísun til 10. greinar samningsins, þar sem fjallað er um heimild aðila til endurskoðunar á honum. Fundurinn með Sigurði var jákvæður. Ræddur var sérstaklega liður 7 í samningnum, sem fjallar um gæslu í Skógarhólum og störf eftirlitsmanns þar.

5. Landsmót 1998.

Formaður ræddi undirbúning landsmóts á Melgerðismelum 1998.

Fyrirhugað er að þingfulltrúar norðlensku félaganna á ársþinginu í haust verði boðaðir til fundar af stjórninni á þinginu til umræðna um undirbúning mótsins. Sigurði falið í samráði við formann að rita norðlensku félögunum og stjórn Melgerðismela h.f. bréf hvað þetta varðar. Geri félögin athugasemd við þessa málsmæðferð verði farin önnur leið í málinu.

6. Unglingamót FEIF í Luxemburg 24.-30. júlí s.l.

12 þáttakendur frá Íslandi tóku þátt í mótinu. Fararstjóri var Rosemarie Þorleifsdóttir. Uppgjör vegna æskulýðsmótsins þarf að fara fram í samvinnu L.H. og HÍS enda æskulýðsmálin sameiginlegt verkefni beggja samtakanna.

7. Æskulýðsstarf o.fl.

Formaður greindi frá skýrslu æskulýðsnefndar L.H. sem lögð var fram á fundinum. Ákveðið var að fjölfalda skýrsluna og senda hana út til stjórnarmanna. Skýrslan verður á dagskrá á næsta fundi.

8. Önnur mál.

1) Rædd var sú hugmynd að koma inn í lög og reglur L.H. lista yfir þá lágmarksaðstöðu sem landsmóttssvæði þarf að bjóða upp á.

2) Áningaráhlafasjóður. Frá FM'95 koma ca. 50 þús kr. Enn óuppgert. Óráðstafað nú um 245 þús kr. Fyrir liggja nú 4 umsóknir.

a) Reiðveganefnd í Kjalarnesþ. hinu forna v/Selkots/áningaráhlaf.

b) Snarfari Skagaströnd v/áningaráhlaf á Skagaheiði.

c) Fákur Reykjavík v/áningarstöðu v. Rauðavatn og Heiðmörk.

d) Hörður Mosfellsbæ v/uppbryggingar á Arnarhamarsrétt.

Ákveðið að Selkot fái kr. 50 þús., Snarfari kr. 60 þús., Fákur kr. 70 þús. og Hörður kr. 60 þús.

Ákveðið að Þjórsárbakkar fái 50 þús. kr. þegar framlag Hornfirðinga er komið.

3) Bréf kynnt frá Landvernd varðandi kynningarfund svo og aðalfund Landverndar fyrri hluta okt. að Flúðum. Fyrir okkar hönd sækir Kristmundur þessa fundi.

4) Uppskeruhátið hestamanna verður hér á Sögu 17. nóv. n.k. Sigurður P. reifaði örlítið málið. Nokkuð rætt um að L.H. velji "mann ársins" á þessari uppákomu, líkt og HÍS og ræktunarmenn gera.

Guðbrandur Kjartansson

Sigfús Guðmundsson

Águst Oddsson

Kristmundur Halldórsson

Jón Bergsson

Guðmundur Jónsson.